

Grjótaþorp um 1900 séð frá Hólavelli.

Að skipuleggja án þess að skipuleggja

Grjótaþorp 1980 sýnt á Kjarvalsstöðum

Nokkuð hefur verið ritað og rætt um skipulagssýningu þá er nú hefur verið komið fyrir á Kjarvalsstöðum. Þar sem kynnt er **Skipulagstillaga að Grjótaþorpi 1980**, en ný tillaga að skipulagi Grjótaþorps var lögð fyrir borgaryfirvöld í sumar og borgarráð samþykkti þá að skipulagstillagan yrði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum og leitað yrði eftir viðbrögðum, áður en lengra verður haldið.

Grjótaþorp fyrst skipulagt 1925

Í bréfi sem dreift er á sýningunni segir m.a. á þessa leið:

„Margar skipulagstillögur hafa verið gerðar að Grjótaþorpi á seinustu áratugum. Þá fyrstu gerði Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, árið 1925, og töldu menn þá réttast að gera ráð fyrir því að öll húsin sem voru í Grjótaþorpi yrðu rifin og ný, samfelld randbygging, kæmi í þeirra stað. Síðan hefur hver skipulagstillagan rekið aðra og hefur þeim öllum verið það sammerkt að þar hefur verið gert ráð fyrir algerri endurnýjun byggðarinnar.

Í janúar 1975 lá fyrir skipulagstillaga þar sem sjá mátti í fyrsta sinn merki þess að mat manna á gildi gamalla húsa var tekið að breytast. Þar var að vísu aðeins gerð ráð fyrir því að fjögur gömlu húsanna yrðu varðveitt og í almennri umræðu sem tillagan kom af stað kom greinilega fram vilji til að gengið yrði mun lengra í átt til varðveislu húsanna. Skipulagstillagan var lögð til hliðar og borgarminjaverði var falið að gera ítarlega könnun á sögu og ástandi húsanna, sem leiddi til þeirrar niðurstöðu, að mest allt Grjótaþorp bæri að varðveita vegna menningarsögulegs gildis þess.

Skipulagsnefnd samþykkti svo í apríl 1979 að gerð skyldi skipulagstillaga um verndun og endurnýjun Grjótaþorps í núverandi mynd."

Höfundur að þeirri tillögu, er sýnd er að Kjarvalsstöðum, er **Hjörleifur Stefánsson, arkitekt.** Að sjálfsögðu hafa fleiri manns unnið við tillöguna undir hans forystu, en auk þess var við að stýðjast ýmis gögn, bæði húsarannsóknir, málaferli út af lóðum og almenn viðhorf.

Að slita allt úr samhengi

Það er ef til vill skiljanlegt að skipulagshöfundur taki mið af þeirri leiðsögn skipulagsnefndar, að stefna beri að varðveislu þessa hverfis að mestu í þeirri mynd sem það er nú, eða að tryggja „**að framtíðarsvipmót þorpsins falli að yfirbragði gömlu húsanna**" eins og skrifað stendur, og þetta er síðan leyst með því að „skipuleggja ekkert" heldur „úthluta" þess í stað nokkrum lóðum undir einhverja óskilgreinda kofa, sem hýst geta 50 fjölskyldur, eða svo, í einhverju Lególandi. Virðist að sú fornminjafölsun, sem nú er viða ástunduð í nafni húsagerðarlistar, eigi að sitja í fyrirrúmi í Grjótaþorpinu, því ekki verður betur séð en að meiningin sé að reisa þarna nokkra 220 volta sögualdarbæi í þeirri trú að „gamla góða Grjótaþorpið" muni þá brúsa af lífi, með litla garða, þvott á snúrum, og mikið verður þá pissað og gengið, því vitaskuld hafa menn ekki ráð á að eiga bíla, eftir að hafa keypt sér lóðir á dýrasta svæði borgarlandsins undir kofa og smáhús. (Enda ekki gert ráð fyrir bílskúrum í hverfinu).

Ég hygg að meginógæfa þessa skipulags (ef það er á annað borð skipulag að skipuleggja ekkert) sé sú, að höfundur slítur Grjótaþorpið úr samhengi við næsta nágrenni. Austurstræti er að hluta til göngugata, og mun án efa eiga eftir að verða það í æ ríkara mæli. Endastöð þessarar göngugötu, er nær frá Lækjartorgi að Morgunblaðshúsinu, er Hallærisplanið svonefnda.

Það er yndislegt plan. Heilleg umgjörð, ef Morgunblaðshúsið er frátalið. Það var mikil ógæfa að það skyldi reist, en þá verður einnig að hafa í huga, að aðrar forsendur voru þá. Menn sáu því miður ekki notalegheitin sem fólgin voru í járnsmiðju Sigurðar heitins Jónssonar er keypti eigur Þórðar Dómsstjóra á þessum stað og byggði ofaná og gjörði smíðahús og eldsmiðju. Hjá honum lærðu margir járnsmiði, þar á meðal Bjarnhéðinn Jónsson, er stofnaði þarna smiðju, er síðan varð upphafið að vélsmiðjunni Héðni, sem er (að því er ég best veit) einn aðaleigandi Morgunblaðshússins.

Jónas Guðmundsson

SKIPULAGSMÁL

Í minni tíð var þarna klæðskerabúð og á sólríkum dögum fór fólkið út með saumaskapinn í dálitið port.


Tenging við miðbæinn

Ég hygg að ráðlegra hefði verið að tengja Grjótaþorpið frekar að Hallærisplaninu og miðbæjardauðanum, eða með öðrum orðum hinum almenna borgara sem á heima í öðrum bæjarhlutum, að það hefði verið skynsamlegra en að hugsa sér þarna aukna íbúðabyggð í gamla stíl.

Ekki er þarna gjörð minnsta tilraun til þess að nýta hinn dýrmæta halla landsins, og vantrúin á að unnt sé að byggja nýtt við gamalt skín allsstaðar í gegn. Hvergi er heldur, að séð verður, reynt að taka tillit til fjárhagshagsmuna einstaklinga, er þarna eiga lóðir.

Í nágrannalöndum okkar hefur þó víða tekist að byggja upp indælt sambýli nýrra húsa, nýtísku húsa er falla eðlilega og áreynslulaust við miðaldir í húsagerðarlist.

Vil ég þessu til sönnunar nefna ýmsa franska og þýska bæi eins og t.d. Strassbourg, Nurnberg, Munchen og Stuttgart. Engum datt þar í hug að fara í einhverja kofagerð handa 50 fjölskyldum eða svo, heldur var byggt og svæðin notuð til hins ýtrasta, til að móta götulíf og lifandi miðbæ, sem ekki deyr, þegar sjúkrasamlagið, pósthúsið og bankarnir loka.



Aðalstræti 6, en þarna stendur nú Morgunblaðshöllin. Indæl verkstæði hurfu, umdeilt hús reis í staðinn.

Nei, þessi tillaga er einskis nýt. Það er ekki hægt að reka fjölskyldupólitík á þessum stað, með þeim hætti sem ráð er fyrir gjört. Maður sér t.d. í anda hvernig það muni vera að halda uppi löggæslu í svona hverfi miðað við óbreyttar aðstæður.

Nei, við eigum að nýta þetta land mun betur og frumlegar, en þarna er gjört. Óttinn við það nýja er þarna svo yfirþyrmandi, að engu tali tekur. Þarna er unnt (t.d. í Glasgowportinu) að reisa bílastæði, eða grafa þau inn) og unnt væri að reisa þar fjölbýlishús ásamt verslunarhúsum. Það má gjöra gönguskörð inn í þetta hverfi, með því að tengja það gönguleiðum Austurstrætis og Hafnarstrætis. Við eigum ekki að búa þarna til einhvern gerviheim, heldur horfast í augu við raunveruleikann og getu mannsins til þess að byggja og nýta óbyggð svæði.

Það var skiljanlegt meðan handverkfæri voru einu jarðvinnslutækin, að húsin hjúfruðu sig hvert að öðru í brekkum og fylgdu landinu í einu og öllu. Ný tækni gjörir það mögulegt að grafa sig inn í land, þannig að ekki er nauðsynlegt að reisa háhýsi ein til landnýtingar. Það er því unnt að byggja mikið í Grjótaþorpi, án þess að skaða það, en sú forsenda er þarna er gefin, nær engri átt. Aðalstræti er sjávargata Ingólfs Arnarsonar. Við sjáum enn möstur skipanna, er fljóta fyrir landi, og svo verður að vera áfram. Að byggja „tanngarð" í Aðalstræti, eða á öðrum stöðum þarna, nær auðvitað engri átt, en verslanir, veitingahús og samkomustaði má grafa þarna inn og gömul hús mega standa áfram, en í nýju samhengi. Ég treysti ungum arkitektum vel til þess að teikna falleg ný hús, sem tengja gamalt við nýtt, þannig að við verði unað, og miðbærinn gamli fái aukið gildi sem slíkur, eftir bankatíma.

Leysa þarf umferðarmál og fleira, en fyrst og fremst þarf skipulag að markast af metnaði, áræði og kjarki, en ekki af dundi með legokubba í þeirri trú að unnt sé að búa til fornminjar.

Þessu skipulagi þarf ekki að hafna, það hafnar sér sjálft.

Að lokum er þess að geta, að ég er fyllilega sammála stjórn Kjarvalsstaða, eða þeim Guðrúnu Helgadóttur, Davíð Oddssyni og Sjöfn Sigurbjörnsdóttur, að þessa tillögu varð að sýna sér, eða þá, öðrum kosti að auglýsa og opna Kjarvalsstaði öllum, er hugmyndir hafa um þetta hverfi. Að láta einstaka menn þrengja sér þarna inn með sérsjónarmið, hefði ekki haft neinn tilgang, en ég ætla að koma í Ásmundarsal, þegar þar að kemur.